



Formannafundur 10. apríl 2014

Fundargerð

Ár 2014, fimmtudaginn 10. apríl var haldinn fundur hjá UMFA í fundargámnum sem hófst kl. 17.00.

Fundinn sátu Sigurður Andresson körfu, Haukur Skúlason taekwondo, Steinn Einarsson blaki, Steinunn A. Ólafsdóttir frjálsum, Jónas P. Aðalsteinsson sunddeild, Hulda Björk Finnsdóttir, Hlynur C. Guðmundsson yfirþjálfari í frjálsum, Indriði Jósafatsson framkvæmdastjóri og Ester Sveinbjarnardóttir verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Samningur búninganefndar við Errea.

Indriði kynnti samninginn fyrir formönnum, en búninganefnd, sem að mestu er skipuð formönnum deilda, hefur komið 5 – 6 sinnum saman í vetur. Búninganefnd hafði áður mælt með að nýta framlengingarákæði eldri samnings og samþykktu formenn á þeim tíma að nefndin héldi viðræðum áfram við Errea. Samningur liggur nú fyrir. Hann er trúnaðarmál og verður ekki dreift á rafrænu formi. Gildistími hans er frá 1. október 2014 til 30. september 2018, þó verður hægt að taka út á samninginn strax í ágúst, þegar vetraríþróttagreinar fara af stað með sína starfsemi.

Rætt var um að fylgjast vel með að pantanir fari ekki af stað frá þeim deildum sem eiga ekki fyrir launum. Allar pantanir fara í gegnum framkvæmdastjóra.

Formenn og fulltrúar deilda lýstu ánægju sinni með samninginn og rituðu nafn sitt á hann til staðfestingar á honum.

2. Vorhátíð.

Framkvæmdastjóri talaði um að halda Vorhátíð Aftureldingar í júní þar sem boðið væri upp á íþróttir, leiki og tónlist, tilboð á íþróttafatnað í samvinnu við Errea á góðum afslætti. Einnig taldi hann að N1 væri tilbúið að styrkja slíka hátíð. Formenn deilda lýstu vilja sínum að taka þátt í þessu verkefni.

3. Hreinsunaráttak í samvinnu við Mosfellsbæ í enda mánaðar.

Inn á fundinn komu Hlynur C. Guðmundsson yfirþjálfari í frjálsum og kynnti hann hvernig staðið hefur verið að hreinsunaráttaki á vegum Aftureldingar hingað til og listaði upp skiptingu svæða fyrir árið í ár. Framkvæmastjóri úthlutaði svæðum til deilda þær stærstu og fjömenustu fá nú í ár tvö svæði úthlutað. Ekki er farið í einkagarða, skóla, hestasvæði, Varmá (skátarnir). Svæði kringum Vesturlandsveg tilheyrir Vegagerð ríkisins. Hreinsa þarf opin svæði, bærinn útvegur ruslapoka sem verða úthlutaðir frá Áhaldahúsi. Reiknað er með að hreinsunarstarfið standi yfr hjá deildum síðustu vikuna í maí.

4. Önnur mál.

- **Minjagripir.**

Indriði hefur skoðað hvað kostar að kaupa glerskápa til að selja mynjagripi, smádót, trefla og fl. sem er merkt Aftureldingu. Verkefnið spennandi og fer fyrir framkvæmdaráð Varmár eftir páska.

- **Sala á N1 kortum samkvæmt samning við N1.**

Framkvæmdastjóri er að kanna hvað eru margar bréfalúgur á þeim svæðum sem skipta þarf upp á milli deilda vegna söfnunar N1 korta eftir páska. Rætt var um að kynna og selja kortin í nafni Aftureldingar, síðan gæti hver deild merkt sín kort og fengið afraksturinn af sínu söfnunarstarfi.

- **Frí á skrifstofu.**

Mikil yfirvinna var unnin síðustu vikur í tengslum við aðalfundinn og vera Vilborg og Indriði í fríi þrjá daga í næstu viku, Ester verður á skrifstofunni svo það verður hægt að greiða reikninga og svara fyrirspurnum.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 20.30

Ester Sveinbjarnardóttir
(sign.)